

GÓÐUR ÁRANGUR HELDUR ÁFRAM Á ÞRIÐJA ÁRSFJÓRÐUNGI

Aðlöguð EBITDA hækkaði um 23,3%

- **Rekstrartekjur námu 134,1 milljón evra, hækkuðu um 4,3 milljónir evra eða 3,4%**
 - Tekjur hækkuðu um 6,3 milljónir evra eða 4,9% þegar tillit er tekið til 2,0 milljóna evra söluhagnaður sem innifalinn var í tekjum Q3 2015 vegna skips í smíðum sem hætt var við kaup á
- **EBITDA nam 17,8 milljónum evra, hækkaði um 1,4 milljónir evra eða 8,6%**
 - Aðlöguð EBITDA hækkaði um 3,4 milljónir evra eða 23,3% þegar tillit er tekið til 2,0 milljóna evra söluhagnaðarins
- **Hagnaður nam 9,4 milljónum evra samanborið við 8,5 milljónir evra og hækkaði um 10,7%**
- **Eiginfjárlutfall var 63,3% og nettóskuldir námu 34,8 milljónum evra í lok september**
- **Afkomuspá ársins 2016 hefur verið breytt í EBITDA á bilinu 52 til 55 milljónir evra**

Fjárhæðir eru í þúsundum evra

REKSTRARREIKNINGUR	Q3 2016	Q3 2015	Breyting	%	9M 2016	9M 2015	Breyting	%
Rekstrartekjur	134.070	129.721	4.349	3,4%	373.425	368.971	4.454	1,2%
Rekstrargjöld	116.310	113.361	2.949	2,6%	329.855	333.521	(3.666)	(1,1%)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir - EBITDA	17.760	16.360	1.400	8,6%	43.570	35.450	8.120	22,9%
Afskriftir	(6.917)	(5.933)	(984)	(16,6%)	(20.079)	(17.458)	(2.621)	(15,0%)
Rekstrarhagnaður - EBIT	10.843	10.427	416	4,0%	23.491	17.992	5.499	30,6%
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	(369)	(482)	113	23,4%	(1.028)	27	(1.055)	-
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	196	66	130	197,0%	411	252	159	63,1%
Hagnaður fyrir tekjuskatt	10.670	10.011	659	6,6%	22.874	18.271	4.603	25,2%
Tekjuskattur	(1.289)	(1.537)	248	16,1%	(2.893)	(2.758)	(135)	(4,9%)
Hagnaður tímabilsins	9.381	8.474	907	10,7%	19.981	15.513	4.468	28,8%
Tekjubreyting	3,4%	8,5%			1,2%	10,9%		
EBITDA / rekstrartekjur	13,2%	12,6%			11,7%	9,6%		
EBIT / rekstrartekjur	8,1%	8,0%			6,3%	4,9%		
Nettóskuldir / LTM-EBITDA	0,65	1,19			0,65	1,19		
EFNAHAGSREIKNINGUR	30.09.2016	30.09.2015	Breyting	%	30.09.2016	31.12.2015	Breyting	%
Eignir	379.111	370.650	8.461	2,3%	379.111	355.157	23.954	6,7%
Fastafjármunir	237.878	228.554	9.324	4,1%	237.878	233.280	4.598	2,0%
Veltufjármunir	141.233	142.096	(863)	(0,6%)	141.233	121.877	19.356	15,9%
Eigið fé	240.061	225.958	14.103	6,2%	240.061	228.124	11.937	5,2%
Skuldir	139.050	144.692	(5.642)	(3,9%)	139.050	127.033	12.017	9,5%
Langtímaskuldir	51.272	40.777	10.495	25,7%	51.272	55.550	(4.278)	(7,7%)
Skammtímaskuldir	87.778	103.915	(16.137)	(15,5%)	87.778	71.483	16.295	22,8%
Vaxtaberandi skuldir	79.958	81.769	(1.811)	(2,2%)	79.958	71.401	8.557	12,0%
Nettóskuldir	34.836	52.519	(17.683)	(33,7%)	34.836	35.418	(582)	(1,6%)
Efnislegar eignir / heildareignir	92,7%	92,9%			92,7%	92,6%		
Eiginfjárlutfall	63,3%	61,0%			63,3%	64,2%		
SJÓÐSTREYMI	Q3 2016	Q3 2015	Breyting	%	9M 2016	9M 2015	Breyting	%
Handbært fé frá rekstri	5.831	6.889	(1.058)	(15,4%)	34.182	21.783	12.399	56,9%
Fjárfestingarhreyfingar	(7.225)	(15.780)	8.555	54,2%	(21.465)	(39.238)	17.773	45,3%
Fjármögnunarhreyfingar	(1.213)	1.876	(3.089)	-	(3.455)	6.438	(9.893)	-
Breyting á handbæru fé	(2.607)	(7.015)	4.408	(62,8%)	9.262	(11.017)	20.279	-
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	266	(746)	1.012	-	(123)	728	(851)	-
Handbært fé í lok tímabils	45.122	29.250	15.872	54,3%	45.122	29.250	15.872	54,3%

GYLFI SIGFÚSSON FORSTJÓRI

„Rekstrartekjur á þriðja ársfjórðungi námu 134,1 milljón evra og hækkuðu um 3,4%. Rekstrarhagnaður fjórðungsins fyrir afskriftir, EBITDA, nam 17,8 milljónum evra og jókst um 23,3% samanborið við aðlagða EBITDA sama tímabils í fyrra sem nam 14,4 milljónum evra eftir að tekið var tillit til 2,0 milljóna evra söluhagnaðar af skipi sem hætt var við kaup á og tekjufærður var á þriðja ársfjórðungi 2015. Flutningsmagn í áætlunarsiglingum félagsins á Norður-Atlantshafi jókst um 6,8% samanborið við þriðja ársfjórðung síðasta árs og tekjur hækkuðu um 5,7 milljónir evra eða 6,1%. Góður vöxtur var í flutningum tengdum Íslandi, Færeyjum og Noregi. Magn í flutningsmiðlun jókst um 4,7% á fjórðungnum á meðan flutningsmiðlunartekjur drógust saman um 1,4 milljónir evra eða 3,8% vegna áhrifa af lækkandi verðum í alþjóðlegri flutningsmiðlun og samdrætti í flutningsmagni frá Kína sem er smám saman að ná sér á strik aftur. Hagnaður fjórðungsins nam 9,4 milljónum evra og hækkaði um 10,7%. Félagið heldur áfram að sýna góðan árangur og þetta er besti þriðji ársfjórðungur í rekstri félagsins frá árinu 2009 hvað varðar rekstrartekjur, EBITDA, EBIT og hagnað.

Rekstrartekjur félagsins á fyrstu níu mánuðum ársins námu 373,4 milljónum evra og hækkuðu þær um 1,2% á milli ára. Tekjur af áætlunarsiglingum hækkuðu um 15,2 milljónir evra eða 5,8% og tekjur af flutningsmiðlun lækkuðu um 10,8 milljónir evra eða 10,2% vegna framangreindra ástæðna. EBITDA tímabilsins nam 43,6 milljónum evra og hækkaði um 8,1 milljón evra eða 22,9% frá sama tímabili í fyrra, en samanborið við aðlagða EBITDA er hækkunin 30,1%. Nettó fjármagnskostnaður nam 1,0 milljón evra samanborið við óverulegar nettó fjármunatekjur á fyrstu níu mánuðum fyrra árs, en hagnaður jókst samt sem áður um 28,8% og nam 20,0 milljónum evra. Flutt magn í áætlunarsiglingum á Norður-Atlantshafi jókst um 8,0% samanborið við fyrstu níu mánuði fyrra árs og magn í flutningsmiðlun um 3,0%.

Eftir 90 ára samstarf við höfnina í Hamborg í Þýskalandi tilkynntum við í október að skip félagsins á bláu leiðinni munu hætta viðkomum í Hamborg og hefja viðkomur hjá EUROGATE Container Terminal Bremerhaven frá og með 6. desember. Breytingin skapar ýmis tækifæri og veitir viðskiptavinum okkar á Íslandi, í Færeyjum og Noregi betri tengingar inn á nýja markaði og siglingatíminn styttest. Gámahöfnin í Bremerhaven er sú fjórða stærsta í Evrópu og er mikilvæg umskipunarhöfn. Auk þess er vagga sjávarútvegs í Þýskalandi á svæðinu í kringum Bremerhaven.

Eimskip styrkti í október stöðu sína í alþjóðlegri flutningsmiðlun með kaupum á 90% hlut í flutningsmiðlunar-fyrirtækinu Extraco í Rotterdam. Ársvelta fyrirtækisins nemur um 19 milljónum evra eða um 2,5 milljörðum króna. Extraco, sem stofnað var árið 1991, mun flytja starfsemi sína í starfsstöð Eimskips í Rotterdam til að ná fram samlegðaráhrifum og til að vera hluti af frystiflutningskjarna með öðrum einingum Eimskips þar.

Í byrjun nóvember tilkynnti Eimskip undirritun samnings um kaup á norska flutningafyrirtækinu Nor Lines. Áætluð ársvelta Nor Lines nemur um 110 milljónum evra, eða um 13,6 milljörðum króna, og er fjöldi starfsmanna um 200 talsins. Fyrirtækið rekur nú víðtækt þjónustunet í Noregi og annast flutninga á sjó og landi. Með fyrirvara um samþykki norskra samkeppnisyrivalda er gert ráð fyrir að endanleg niðurstaða um kaupin liggi fyrir á fyrsta ársfjórðungi 2017.

Eimskip og grænlenzka skipafélagið Royal Arctic Line undirrituðu í maí viljayfirlýsingu um að móta og meta möguleika á samstarfi um smíði á þremur gámaskipum og um að deila afkastagetu þeirra. Með mögulegu samstarfi mun Grænland tengjast alþjóðlegum siglingakerfum. Vinnan hefur gengið vel á undanförunum vikum og mánuðum og markmiðið er að samkomulag um samstarfið liggi fyrir í desember.

Markmið okkar er áfram að vaxa bæði með innri vexti og með kaupum á fyrirtækjum sem falla að starfsemi félagsins og auka virði þess. Við munum halda áfram á sömu braut í að vinna að fjárfestingum í fyrirtækjum og skipum og erum nú að vinna með nokkra valkosti. Við munum ekki auka hlutafé til að ljúka mögulegum fjárfestingum en munum hins vegar auka lántökur vegna fjárfestinga og koma þar með fjármagnsskipan fyrirtækisins í eðlilegra horf, þó þannig að efnahagsreikningur félagsins verði áfram sterkur.

Reksturinn á fjórða ársfjórðungi fer vel af stað, októbermánuður er í samræmi við væntingar okkar og flutningsmagn í kerfum félagsins fyrstu tvær vikur nóvembermánaðar er það einnig. Óvissa ríkir varðandi kjarasamninga við hluta íslenskra áhafna á skipum Eimskips. Byggt á framansögðu hefur verið ákveðið að breyta afkomuspá félagsins frá því að vera á bilinu 49 til 53 milljónir evra í að vera EBITDA á bilinu 52 til 55 milljónir evra.“

REKSTUR ÞRIÐJA ÁRSFJÓRÐUNGS

Rekstrartekjur Eimskips námu 134,1 milljón evra á þriðja ársfjórðungi 2016 samanborið við 129,7 milljónir evra á sama tímabili í fyrra og hækkuðu um 4,3 milljónir evra eða 3,4% á milli ára. Tekjuvöxtur var 4,9% þegar tekið er tillit til 2,0 milljóna evra söluhagnaðar af skipi sem skilað var og tekjufærður var á þriðja ársfjórðungi 2015. Tekjur af áætlunarsiglingum félagsins námu 99,4 milljónum evra samanborið við 93,7 milljónir evra á þriðja fjórðungi síðasta árs og jukust um 6,1%. Magn í áætlunarsiglingum jókst um 6,8% samanborið við sama tímabil 2015, einkum vegna góðs vaxtar í flutningum tengdum Íslandi og Færeyjum og Noregur er áfram sterkur. Tekjur af flutningsmiðlun námu 34,7 milljónum evra samanborið við 36,0 milljónir evra á þriðja ársfjórðungi 2015 og drógust saman um 3,8%, aðallega vegna lækkandi verða frá alþjóðlegu skipafélögunum í þjónustu á milli Asíu og Evrópu. Magn í flutningsmiðlun, bæði frystiflutningsmiðlun og almennri flutningsmiðlun, jókst um 4,7% á þriðja ársfjórðungi samanborið við sama tímabil í fyrra. Frystiflutningar frá Kína eru smám saman að ná sér aftur á strik og aðrir markaðir hafa verið í vexti.

Rekstrargjöld fyrirtækisins námu 116,3 milljónum evra á fjórðungnum samanborið við 113,4 milljónir evra á þriðja ársfjórðungi í fyrra og hækkuðu um 2,6%. Þar af nam rekstrarkostnaður 86,4 milljónum evra samanborið við 89,6 milljónir evra á þriðja ársfjórðungi 2015 og dróst saman um 3,5%. Ráðist hefur verið í ýmis hagræðingarverkefni sem hafa skilað sér í lægri rekstrarkostnaði. Þá hefur kostnaður í flutningsmiðlun félagsins dregist saman vegna áhrifa af lægri verðum frá alþjóðlegu skipafélögunum. Laun og launatengd gjöld námu 29,9 milljónum evra á tímabilinu og hækkuðu um 25,8% frá fyrra ári.

EBITDA fjórðungsins nam 17,8 milljónum evra samanborið við 16,4 milljónir evra á sama tímabili í fyrra og hækkaði um 1,4 milljónir evra eða 8,6%. Aðlöguð EBITDA hækkaði um 23,3% þegar tekið er tillit til 2,0 milljóna evra söluhagnaðar af skipinu sem skilað var á þriðja ársfjórðungi síðasta árs. EBITDA hlutfall tímabilsins var 13,2% samanborið við 11,3% aðlagð hlutfall á þriðja ársfjórðungi 2015. EBITDA af áætlunarsiglingum félagsins nam 14,0 milljónum evra á fjórðungnum samanborið við 12,5 milljónir á sama tímabili í fyrra og hækkaði um 12,1%. EBITDA hlutfall áætlunarsiglinga var 14,1% samanborið við 13,4% EBITDA hlutfall á þriðja ársfjórðungi 2015. EBITDA af flutningsmiðlunarstarfsemi félagsins nam 3,7 milljónum evra samanborið við 3,8 milljónir evra á sama tímabili 2015 og dróst saman um 3,1%. EBITDA hlutfall flutningsmiðlunar var 10,7% samanborið við 10,6% á þriðja ársfjórðungi síðasta árs.

Afskriftir fjórðungsins námu 6,9 milljónum evra samanborið við 5,9 milljónir evra á sama tímabili í fyrra. Aukningin skýrist aðallega af fjárfestingum í rekstrarfjármunum, dokkunum skipa og nýjum fyrirtækjum innan samstæðunnar.

Rekstrarhagnaður fjórðungsins, EBIT, nam 10,8 milljónum evra samanborið 10,4 milljónir evra á þriðja ársfjórðungi 2015 og jókst um 4,0%.

Nettó fjármagnsgjöld námu 0,4 milljónum evra á fjórðungnum samanborið við 0,5 milljóna evra nettó fjármagnsgjöld á sama tímabili í fyrra. Þar af var gengishagnaður á fjórðungnum bæði árin, 0,5 milljónir evra í ár en 0,2 milljónir evra í fyrra. Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaganna nam 0,2 milljónum evra samanborið við 0,1 milljón evra á sama tímabili í fyrra.

Hagnaður fyrir tekjuskatt nam 10,7 milljónum evra samanborið við 10,0 milljóna evra hagnað fyrir tekjuskatt á þriðja ársfjórðungi 2015 og jókst um 6,6%.

Gjaldfærður tekjuskattur nam 1,3 milljónum evra samanborið við 1,5 milljónir evra á þriðja ársfjórðungi í fyrra. Virkt skatthlutfall nam 12,1% samanborið við 15,4% á sama ársfjórðungi í fyrra.

Hagnaður fjórðungsins jókst um 10,7% og nam 9,4 milljónum evra samanborið við 8,5 milljóna evra hagnað á þriðja ársfjórðungi 2015.

REKSTUR FYRSTU NÍU MÁNAÐA ÁRSINS

- **Rekstrartekjur námu 373,4 milljónum evra, hækkuðu um 4,5 milljónir evra eða 1,2%**
 - 2,0 milljóna evra söluhagnaður vegna skips sem var skilað innifalinn í tekjum Q3 2015
 - Flutt magn í áætlunarsiglingum jókst um 8,0% og tekjur hækkuðu um 15,2 milljónir evra
 - Flutningsmagn í flutningsmiðlun jókst um 3,0% og tekjur drógust saman um 10,8 milljónir evra vegna áhrifa af lækkandi verðum í alþjóðlegri flutningsmiðlun
- **EBITDA nam 43,6 milljónum evra, hækkaði um 8,1 milljón evra eða 22,9%**
 - Aðlöguð EBITDA hækkaði um 10,1 milljón evra eða 30,1% þegar tekið er tillit til 2,0 milljóna evra söluhagnaðarins í Q3 2015

Rekstrartekjur Eimskips fyrstu níu mánuði ársins námu 373,4 milljónum evra samanborið við 369,0 milljónir evra á sama tímabili í fyrra og hækkuðu um 4,5 milljónir evra eða 1,2% á milli ára. Tekjувöxtur var 1,8% þegar tekið er tillit til 2,0 milljóna evra tekjufærða söluhagnaðarins af skipinu sem skilað var á þriðja ársfjórðungi 2015. Tekjur af áætlunarsiglingum félagsins námu 278,6 milljónum evra samanborið við 263,3 milljónir evra og hækkuðu um 5,8%. Magn í áætlunarsiglingum jókst um 8,0% frá sama tímabili 2015, einkum vegna góðs vaxtar í flutningum tengdum Íslandi og Noregi. Tekjur af flutningsmiðlun námu 94,9 milljónum evra samanborið við 105,6 milljónir evra á fyrstu níu mánuðum 2015 og drógust saman um 10,2%, einkum vegna lækkandi verða frá alþjóðlegu skipafélögunum í Þjónustu á milli Asíu og Evrópu og samdráttar sem verið hefur í magni frá Kína á árinu, en þeir frystiflutningar eru smám saman að ná sér aftur á strik. Magn í flutningsmiðlun jókst um 3,0% frá sama tímabili í fyrra.

Rekstrargjöld fyrirtækisins námu 329,9 milljónum evra samanborið við 333,5 milljónum evra fyrstu níu mánuðina í fyrra og drógust saman um 1,1%. Þar af nam rekstrarkostnaður 244,3 milljónum evra samanborið við 263,5 milljónir evra á sama tímabili 2015 og dróst saman um 7,3%. Siglingakerfi félagsins var breytt haustið 2015 til að auka áreiðanleika þjónustunnar og til að auðvelda reksturinn yfir vetrartímann og hafa þessar breytingar bætt reksturinn. Viðhaldskostnaður skipa var einnig lægri fyrstu níu mánuði ársins en í fyrra, sem og olúkostnaður. Ráðist hefur verið í ýmis hagræðingarverkefni sem hafa skilað sér í lægri rekstrarkostnaði. Þá hefur kostnaður í flutningsmiðlun félagsins dregist saman vegna áhrifa af lægri verðum frá alþjóðlegu skipafélögunum. Laun og launatengd gjöld námu 85,5 milljónum evra á tímabilinu og hækkuðu um 22,1% frá fyrra ári. Þar af skýrast 9,7% af almennum launahækkunum, 6,0% af auknum umsvifum, 4,5% af gengisbreytingum og 1,9% af fyrirtækjum sem bættust við samstæðu Eimskips á síðasta ári.

EBITDA tímabilsins nam 43,6 milljónum evra samanborið við 35,5 milljónir evra á sama tímabili í fyrra og hækkaði um 8,1 milljón evra eða 22,9%. Aðlöguð EBITDA hækkaði um 30,1% þegar tekið er tillit til 2,0 milljóna evra söluhagnaðarins af skipinu sem skilað var á þriðja ársfjórðungi síðasta árs. EBITDA hlutfall tímabilsins var 11,7% samanborið við 9,1% aðlagð hlutfall fyrstu níu mánuðina 2015. EBITDA af áætlunarsiglingum félagsins nam 34,7 milljónum evra samanborið við 27,8 milljónir á sama tímabili í fyrra og hækkaði um 24,7%. EBITDA hlutfall áætlunarsiglinga var 12,4% samanborið við 10,6% EBITDA hlutfall á fyrra ári. EBITDA af flutningsmiðlunarstarfsemi félagsins nam 8,9 milljónum evra samanborið við 7,6 milljónir evra á sama tímabili 2015 og hækkaði um 16,5%. EBITDA hlutfall flutningsmiðlunar var 9,4% og jókst frá því að vera 7,2% á fyrstu níu mánuðum síðasta árs.

Afskriftir námu 20,1 milljón evra samanborið við 17,5 milljónir evra fyrstu níu mánuðina í fyrra. Aukningin skýrist aðallega af fjárfestingum í rekstrarfjármunum, dokkunum skipa og nýjum fyrirtækjum innan samstæðunnar.

Rekstrarhagnaður fjórðungsins, EBIT, nam 23,5 milljónum evra samanborið við 18,0 milljónir evra í fyrra og jókst um 30,6%.


Nettó fjármagnskostnaður nam 1,0 milljón evra samanborið við 27 þúsund evra nettó fjármunatekjur á fyrstu níu mánuðum fyrra árs. Gengissveiflur á tímabilinu leiddu til 0,8 milljóna evra gengishagnaðar samanborið við 2,2 milljóna evra gengishagnað á sama tímabili í fyrra. Þessi 1,4 milljóna evra lækkun gengishagnaðar skýrir að mestu breytinguna á fjármagnsliðum á milli ára. Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaganna nam 0,4 milljónum evra samanborið við 0,3 milljónir evra í fyrra.

Hagnaður fyrir tekjuskatt nam 22,9 milljónum evra samanborið við 18,3 milljóna evra hagnað fyrir tekjuskatt á fyrstu níu mánuðum 2015 og hækkaði um 25,2%.

Gjaldfærður tekjuskattur tímabilsins nam 2,9 milljónum evra samanborið við 2,8 milljónir evra í fyrra. Virkt skatthlutfall var 12,6% í ár samanborið við 15,1% fyrir sama tímabil síðasta árs.

Hagnaður fyrstu níu mánaða ársins nam 20,0 milljónum evra samanborið við 15,5 milljóna evra hagnað á sama tímabili 2015. Þetta er 4,5 milljóna evra eða 28,8% aukning.

Á eftirfarandi myndum kemur fram að flutt magn í áætlunarsiglingum félagsins og flutningsmiðlun hefur vaxið jafnt og þétt. Magnvísitalan á hægri ásnum miðast við að magnið árið 2010 sé 100.



Á árinu 2015 voru gerðar ýmsar breytingar á siglingakerfi félagsins til að auka afkastagetu þess og áreiðanleika þjónustu við viðskiptavini. Í febrúar 2015 voru græna leiðin, sem siglir á milli Íslands og Norður-Ameríku með


viðkomu í Sortland í Noregi, og rauða leiðin, sem annaðist strandsiglingar við Ísland með tengingu við Evrópu, sameinaðar í nýja græna leið með þremur skipum sem sigla beint á milli Evrópu og Norður-Ameríku með viðkomum á Íslandi. Í október 2015 fékk gráa leiðin aukið hlutverk þar sem öðru 500 gámaeinga leiguskipi var bætt við leiðina til að auka afkastagetu og bætt var við viðkomum í Århus í Danmörku, Halmstad í Svíþjóð og í Swinoujscie í Póllandi.

Félagið er með 20 skip í rekstri, þar af þrettán eigin skip og sjö leiguskip. Þrettán skipanna eru í áætlunarsiglingum, þrjú eru í „spot“ þjónustu, eitt er í stórflutningum og þrjú í ferjusiglingum.

Rekstur félagsins hefur verið stöðugur undanfarin ár eins og sjá má á eftirfarandi myndum, en á árinu 2015 var verulegur vöxtur í rekstrartekjum og EBITDA, sem og í rekstrartekjum á þriðja ársfjórðungi í ár og EBITDA sem af er árinu.

Myndirnar sýna hvernig rekstrartekjur og EBITDA skiptast á ársfjórðunga á árunum 2012 til 2016. Á myndunum hafa rekstrartekjur og EBITDA verið leiðrétt fyrir einskiptisliðum á árinu 2012. EBITDA á þriðja ársfjórðungi hefur verið hækkuð um 0,7 milljónir evra vegna kostnaðar við skráningu félagsins á markað. EBITDA á fjórða ársfjórðungi hefur einnig verið hækkuð um alls 3,9 milljónir evra, þar af um 1,0 milljón evra vegna skráningar félagsins og um 2,9 milljónir evra vegna kostnaðar við kauprétti sem framkvæmdastjórn féll frá.

Í milljónum evra



* Söluhagnaður að fjárhæð 2,0 milljónir evra vegna skips sem hætt var við kaup á er innifalinn í tekjum og EBITDA í Q3 2015

EFNAHAGUR

- **Heildareignir námu 379,1 milljón evra í lok september 2016**
- **Eiginfjárhlutfall var 63,3%**
- **Vaxtaberandi skuldir námu 80,0 milljónum evra**
- **Nettóskuldir námu 34,8 milljónum evra**

Heildareignir Eimskips námu 379,1 milljón evra þann 30. september 2016. Til samanburðar námu heildareignir 370,1 milljón evra í lok september 2015 og 355,2 milljónum evra í árslok 2015.

Fastafjármunir námu 237,9 milljónum evra samanborið við 228,6 milljónir evra í lok september í fyrra og 233,3 milljónir evra í árslok 2015. Nettó fjárfestingar í rekstrarfjármunum námu 23,3 milljónum evra.

Veltufjármunir námu 141,2 milljónum evra í lok september samanborið við 142,1 milljónir evra í lok september á síðasta ári og 121,9 milljónir evra í árslok 2015. Breytingin frá árslokum 2015 skýrist einkum af breytingum á handbæru fé og viðskiptakröfum á tímabilinu. Handbært fé nam 45,1 milljón evra í lok september samanborið

við 36,0 milljónir evra í árslok 2015. Viðskiptakröfur jukust úr 77,9 milljónum evra í árslok 2015 í 84,6 milljónir evra í lok september vegna árstíðabundinna sveiflna og gengismunar.

Eigið fé nam 240,1 milljón evra í lok september og var eiginfjárlutfallið 63,3%. Arður að fjárhæð 1.213,2 milljónir króna, eða 8,6 milljónir evra, var greiddur hluthöfum í apríl 2016. Til samanburðar var eigið fé 226,0 milljónir í lok september 2015 með 61,0% eiginfjárlutfall og 228,1 milljón evra með 64,2% eiginfjárlutfall í árslok 2015.

Skammtímaskuldir námu 87,8 milljónum evra í lok september samanborið við 103,9 milljónir evra í lok september 2015 og 71,5 milljónir evra í árslok 2015. Hækkunin skýrist að mestu af skammtímalánalínu sem er á gjalddaga innan 12 mánaða.

Vaxtaberandi skuldir námu 80,0 milljónum evra í lok september samanborið við 81,8 milljónir evra í lok september í fyrra og 71,4 milljónir evra í lok árs 2015. Nettóskuldir í lok september námu 34,8 milljónum evra samanborið við 52,5 milljónir evra í lok september á síðasta ári og 35,4 milljónir evra í árslok 2015.

SJÓÐSTREYMI OG FJÁRFESTINGAR

- **Handbært fé frá rekstri nam 34,2 milljónum evra á fyrstu níu mánuðum ársins**
- **Nettó fjárfestingarhreyfingar námu 21,5 milljónum evra**
- **Handbært fé var 45,1 milljón evra í lok september**

Handbært fé frá rekstri nam 34,2 milljónum evra fyrstu níu mánuði 2016 samanborið við 21,8 milljónir evra á sama tímabili í fyrra.

Nettó fjárfestingarhreyfingar námu 21,5 milljónum evra samanborið við 39,2 milljónir evra á sama tímabili í fyrra. Heildarfjárfestingar í rekstrarfjármunum (CAPEX) námu 26,1 milljón evra, en stærstu fjárfestingarnar voru gámar og hafnarkrani. Til samanburðar námu heildarfjárfestingar í rekstrarfjármunum 36,3 milljónum evra á fyrstu níu mánuðum 2015.

Nettó útstreymi fjármagns vegna fjármögnunarhreyfinga nam 3,5 milljónum evra samanborið við nettó innstreymi fjármagns vegna fjármögnunarhreyfinga að fjárhæð 6,4 milljónir evra fyrstu níu mánuði síðasta árs.

Sjóðsflæði var jákvætt um 9,3 milljónir evra samanborið við 11,0 milljóna evra neikvætt sjóðsflæði á sama tímabili í fyrra. Handbært fé nam 45,1 milljón evra í lok september samanborið við 29,3 milljónir evra í lok september í fyrra og 36,0 milljónir evra í árslok 2015.

ÁÆTLUÐ AFKOMA ÁRSINS 2016

Afkomuspá Eimskips fyrir árið 2016 hefur verið breytt frá því sem kynnt var í maí og er afkomuspáin nú EBITDA á bilinu 52 til 55 milljónir evra.

Reksturinn á fjórða ársfjórðungi fer vel af stað, októbermánuður er í samræmi við væntingar félagsins og flutningsmagn í kerfum félagsins fyrstu tvær vikur nóvembermánaðar er einnig í takt við væntingar. Gert er ráð fyrir áframhaldandi vexti í magni tengdu Íslandi og Færeyjum og horfur fyrir frystiflutninga í Noregi eru áfram jákvæðar. Flutningsmiðlun fór vel af stað á fyrsta ársfjórðungi en smávægilegur samdráttur var á öðrum ársfjórðungi og 4,7% vöxtur á þriðja ársfjórðungi sem leiddi til 3,0% magnaukningar á fyrstu níu mánuðum ársins. Frystiflutningsmiðlun hefur verið undir væntingum vegna efnahagsástands í Kína, en flutningsmagnið frá

Kína er smám saman að ná sér aftur á strik og almennt eru verð í alþjóðlegri flutningsmiðlun að hækka. Almenn flutningsmiðlun hefur gengið vel og reiknað er með svipuðum vexti út árið.

Flutningsmiðlunarfyrtækið Extraco kemur inn í samstæðuna á fjórða ársfjórðungi og tekið hefur verið tillit til þess. Einnig hefur verið tekið tillit til kostnaðar vegna fjárfestinga í nýjum fyrirtækjum í afkomuspá ársins.

Enn er óvissa varðandi kjarasamninga við hluta íslenskra áhafna á skipum Eimskips, auk almennrar óvissu varðandi efnahagsaðstæður á heimsvísu, flutningsmagn, verð á flutningum, olúkostnað, gengisþróun og samkeppni.

LYKILSTÆRÐIR ÁRSFJÓRÐUNGA

Fjárhæðir eru í þúsundum evra

REKSTUR	Q3 2016	Q2 2016	Q1 2016	Q4 2015	Q3 2015
Rekstrartekjur	134.070	126.102	113.253	130.610	129.721
Rekstrargjöld	116.310	109.924	103.621	120.863	113.361
EBITDA	17.760	16.178	9.632	9.747	16.360
EBIT	10.843	9.381	3.267	2.476	10.427
Hagnaður tímabilsins	9.381	8.755	1.845	2.289	8.474
EBITDA / rekstrartekjur	13,2%	12,8%	8,5%	7,5%	12,6%
EBIT / rekstrartekjur	8,1%	7,4%	2,9%	1,9%	8,0%
EFNAHAGUR	30.09.2016	30.06.2016	31.03.2016	31.12.2015	30.09.2015
Eignir	379.111	371.003	368.468	355.157	370.650
Eigið fé	240.061	229.928	220.796	228.124	225.958
Skuldir	139.050	141.075	147.672	127.033	144.692
Vaxtaberandi skuldir	79.958	78.846	80.764	71.401	81.769
Nettóskuldir	34.836	31.383	33.427	35.418	52.519
Eiginfjárhlutfall	63,3%	62,0%	59,9%	64,2%	61,0%
SJÓÐSTREYMI	Q3 2016	Q2 2016	Q1 2016	Q4 2015	Q3 2015
Handbært frá rekstri	5.831	15.671	12.680	15.574	6.889
Fjárfestingarhreyfingar	(7.225)	(4.293)	(9.947)	4.032	(15.780)
Fjármögnunarhreyfingar	(1.213)	(11.103)	8.861	(11.611)	1.876
Handbært fé í lok tímabils	45.122	47.463	47.337	35.983	29.250

HLUTHAFAR

- **Markaðsvirði Eimskips var 488,6 milljónir evra eða 59,2 milljarðar króna þann 16. nóvember 2016**

Lokaverð bréfa Eimskips hefur hækkað um 34,6% á árinu 2016. OMXI8 vísitalan hefur á sama tíma lækkað um 9,6%. Lokaverð ársins 2015 var 235,50 krónur á hlut og meðaltalslokaverð sem af er þessu ári er 266,32 krónur á hlut. Lokaverð þann 16. nóvember 2016 var 317,00 krónur á hlut og var markaðsvirði félagsins miðað við fjölda útistandandi hluta því 59,2 milljarðar króna þann dag sem jafngildir 488,6 milljónum evra.

Fjöldi útgefinna hluta er 200.000.000, þar af eru 186.639.230 útistandandi hlutir og 13.360.770 eigin hlutir. Fjöldi hluthafa í árslok 2015 var 955 og voru hluthafar 812 talsins þann 16. nóvember 2016.

Aðalfundur Eimskips, sem haldinn var 17. mars 2016, samþykkti arðgreiðslu sem nam 6,50 krónum á hlut. Heildararðgreiðslan nam 1.213,2 milljónum króna eða 8,6 milljónum evra. Arðgreiðsludagur var 14. apríl 2016.

RANNSÓKN SAMKEPPNISEFTIRLITSINS

Rannsókn Samkeppniseftirlitsins stendur enn yfir. Eftirlitið óskaði eftir frekari upplýsingum frá félaginu og verða þær afhentar nú í nóvember. Eimskip mun áfram leggja sig fram um að veita svör í samræmi við lagalegar skyldur félagsins. Það er félaginu fyrir bestu að niðurstöður rannsóknarinnar liggi fyrir sem allra fyrst.

UM EIMSKIP

Eimskip var stofnað árið 1914 og er með hlutabréf sín skráð á Nasdaq Iceland. Félagið rekur 58 starfsstöðvar í 19 löndum, er með 20 skip í rekstri og hefur á að skipa um 1.640 starfsmönnum. Um það bil helmingur tekna Eimskips kemur frá starfsemi utan Íslands. Stefna félagsins er að veita framúrskarandi flutningaþjónustu á Norður-Atlantshafi ásamt því að bjóða víðtæka og öfluga þjónustu í alþjóðlegri frystiflutningsmiðlun.

KYNNINGARFUNDUR 18. NÓVEMBER 2016

Kynningarfundur fyrir fjárfesta og markaðsaðila verður haldinn föstudaginn 18. nóvember 2016 í höfuðstöðvum félagsins að Korngörðum 2 í Reykjavík og hefst hann kl. 8:30. Gylfi Sigfússon forstjóri og Hilmar Pétur Valgarðsson, framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs, munu kynna uppgjör félagsins fyrir þriðja ársfjórðung og fyrstu níu mánuði ársins 2016. Hægt verður að nálgast kynningarefni fundarins að honum loknum á fjárfestasíðu félagsins, www.eimskip.is/investors og í fréttakerfi Nasdaq Nordic. Fjárfestafundurinn verður sendur út í beinni útsendingu á Facebook síðu Eimskips: <https://www.facebook.com/www.eimskip.is/>. Fundurinn fer fram á íslensku og hefst útsending kl. 8:30.

SAMÞYKKI STJÓRNAR

Stjórn Eimskipafélags Íslands hf. samþykkti árshlutareikning samstæðu Eimskips fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2016 á stjórnarfundi þann 17. nóvember 2016.

FJÁRHAGSDAGATAL

- Q4 2016: Uppgjör birt 23. febrúar 2017
- Aðalfundur 2017: 23. mars 2017
- Q1 2017: Uppgjör birt 23. maí 2017
- Q2 2017: Uppgjör birt 24. ágúst 2017
- Q3 2017: Uppgjör birt 21. nóvember 2017
- Q4 2017: Uppgjör birt 22. febrúar 2018
- Aðalfundur 2018: 22. mars 2018

FREKARI UPPLÝSINGAR

- Gylfi Sigfússon forstjóri, sími: 525 7202
- Hilmar Pétur Valgarðsson, framkvæmdastjóri fjármála- og stjórnunarsviðs, sími: 525 7202
- Erna Eiríksdóttir, forstöðumaður fjárfestatengsla, sími: 825 7220, netfang: investors@eimskip.is

TIL ATHUGUNAR FYRIR FJÁRFESTA

Eimskip vekur athygli á því að staðhæfingar sem finna má í þessari afkomutilkynningu kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna við birtingu tilkynningarinnar. Eðli málsins samkvæmt fela slíkar staðhæfingar í sér óvissu. Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í tilkynningunni. Þessi tilkynning verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar. Staðhæfingar sem finna má í þessari afkomutilkynningu gilda eingöngu á því tímamarki þegar tilkynningin er fyrst birt og takmarkast gildi þeirra við sem segir í fyrirvara þessum.